

Stuðningsyfirlýsing við Eflingu

Stjórn ASÍ UNG lýsir yfir fullum stuðning við Eflingu í baráttu félagsins vegna uppsagnar trúnaðarmanns hjá Icelanair á Reykjavíkflugvelli. ASÍ UNG telur að með þessari framgöngu Icelandair og Samtaka Atvinnulífsins (SA), sem samkvæmt Eflingu hafa staðið með uppsögninni, er verið að gera alvarlega aðför að uppsagnarvernd trúnaðarmanna á vinnustöðum en sú vernd er grundvallarstoð innan stéttarfélaga til að viðhalda vinnufrið í störfum sínum í þágu félagsmanna.

Skýrt er tekið fram í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur (80/1938) að trúnaðarmenn skuli eigi gjalda fyrir störf sín í þágu félagsins eða vera í hættu á að sæta uppsögn vegna slíkra trúnaðarstarfa:

Stjórn ASÍ UNG fordæmir þessar aðgerðir Icelandair og afstöðu SA, ekki er hægt að túlka þær á annan hátt en sem aðför að réttindum íslenskra launamanna til að sinna félagsstörfum. Að lokum skorar ASÍ UNG á Icelandair að draga uppsögnina til baka og gangast við mistökum sínum.

Fyrir hönd stjórnar ASÍ UNG



Gundega Jaunlinina

Formaður ASÍ UNG
asiung@asi.is